

Hlíð 5. júní 2017

**Efni: Framkvæmdir við Stöng og auglýsing á deiliskipulagi á svæðinu í grennd.**

Nú er í auglýsingu deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal. Í lýsingu stendur að markmið deiliskipulagsins sé að *"útbúa ramma fyrir framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í að bæta aðstöðu vegna aukins álags ferðamanna"*.

Þær framkvæmdir sem auglýstar eru í deiliskipulagi við Stöng er þegar búið er að gera, án þess að það væri auglýst og almenningi gefinn kostur á að kynna sér þær hugmyndir og gera athugasemdir. Það er andstætt Skipulagslögum sem hafa það að leiðarljósi að leita eftir samráði á skipulagsstigi og er það gert með auglýsingu áður en byrjað er að framkvæma.

Því hefði átt að auglýsa deiliskipulagið, fá athugasemdir og ganga síðan frá því áður en framkvæmdir hófust við Stöng.

Umhverfisnefnd hefur aflað sér nokkurra heimilda um ferli þessa máls:

- Bréf frá Forsætisráðuneytinu til skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps 28. október 2015.
- Bréf frá Umhverfisstofnun til Minjastofnunar þann 4. nóvember 2015.
- Bréf frá Skipulagsstofnun til skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- Símtal við starfsmann Skipulagsstofnunar um málið, 23. maí sl.

Í símtali við Skipulagsstofnun frá þann 23. maí sl. fengust þær upplýsingar að í janúar 2016 var lýsing á deiliskipulaginu á borði Skipulagsstofnunar og sendi hún umsögn um hana. Síðan hafa engin mál eða gögn er varða málið borist stofnuninni. Í bréfi frá stofnuninni frá 26. janúar 2016 kemur fram að hverfisvernd sé á svæðinu og það sé á

náttúruminjaskrá. Þá telur stofnunin að framlögð lýsing sé ekki nægjanlega skýr hvað varðar afmörkun svæðis og í lýsingu á skipulagsferli vanti að gera grein fyrir áætlaðri framvindu og tímasetningum. Einnig er bent á að í deiliskipulagstilögunni þurfi að gera grein fyrir umhverfisáhrifum m.a. með tilliti til ásýndar og landslags.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að svæðið er á náttúruminjaskrá. Þar kemur einnig fram að á uppdrætti sjáist ekki vegalengdin frá Rauða að fyrirhuguðu bílastæði og bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14. komi fram að utan þéttbýlis ekki megi reisa mannvirki nær ám, sjó eða vötnum en 50 metra. Við gerð nýs bílastæðis við Rauða var þetta ákvæði og ábending að engu höfð, því bílastæðið er mun nær ánni en 50 metrar.

Af þessu má ljóst vera að ekki hefur verið farið eftir því sem í umsögnum stóð. Afleiðingin er að framkvæmdir við Stöng; bílastæði, breiðir uppbyggðir og landfrekir göngustígar, trépallur með borðum og bekkjum hafa mikil og skaðleg áhrif á ásýnd svæðisins og framkvæmdir hafa raskað og eytt náttúrulegum gróðri sem ekki er ásættanlegt. Þau lögmál að göngustígar í náttúrunni falli vel inn í náttúru og landslag hafa verið þverbrotin. Einnig gerir hinn lausi, ljósi vikur illt verra, þar sem hann fýkur auðveldlega og sverfur þá annan gróður.

Að auki vill umhverfisnefnd benda á að búið er raska farvegi Rjóðrunargils sem hvergi er minnst á í þeim gögnum sem vitnað er í .

Að endingu vill umhverfisnefnd gera alvarlegar athugasemdir við að hafa ekki verið upplýst um þetta mál í upphafi ferils, né fengið tækifæri til að gefa umsögn áður en verkið var unnið, sem er þó hennar hlutverk skv. skipunarbréfi.

Virðingarfyllt,  
f.h. umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Anna María Flygenring, formaður